

Erindisbréf umhverfis- og landbúnaðarnefndar Borgarbyggðar

I. Stjórnskipuleg staða umhverfis- og landbúnaðarnefndar

Umhverfis- og landbúnaðarnefnd Borgarbyggðar fjallar um umhverfis- og landbúnaðarmál í umboði sveitarstjórnar Borgarbyggðar eftir því sem nánar segir í erindisbréfi þessu sem gert er í samræmi við samþykkt um stjórn Borgarbyggðar. Nefndin starfar á umhverfis- og skipulagssviði. Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og verkefnastjóri sviðsins starfa með nefndinni.

II. Skipan umhverfis- og landbúnaðarnefndar

Í umhverfis- og landbúnaðarnefnd eiga sæti fimm fulltrúar, kjörnir af sveitarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga 138/2011. Á sama hátt eru kjörnir fimm fulltrúar til vara.

Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórnar. Auk kjörinna fulltrúa eiga sveitarstjóri, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og verkefnastjóri rétt til að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Nefndinni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um. Verkefnastjóri umhverfis- og skipulagssviðs er ritari nefndarinnar.

III. Hlutverk og verkefni umhverfis- og landbúnaðarnefndar

Helstu verkefni umhverfis- og landbúnaðarnefndar eru:

1. Að fylgjast með framkvæmd náttúruverndarlaga og annarra laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar
2. Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi er varða umhverfismál, náttúruvernd og skipulagsmál
3. Að stuðla að náttúru- og umhverfisvernd í samræmi við ákvæði laga, m.a. með ábendingum og tillögugerð til sveitarstjórnar
4. Að stuðla að fræðslu og umfjöllun um náttúruvernd, og framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna
5. Að annast störf náttúruverndar og vera tengiliður við Umhverfisstofnun og Náttúrustofu Vesturlands
6. Að veita umsögn við gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og við úrskurði um mat á umhverfisáhrifum
7. Að leggja mat á umhverfisáhrif af völdum mannvirkjagerðar, mengunar, landnýtingar og efnistöku í sveitarfélaginu þar sem löggjöf kveður á um mat á umhverfisáhrifum, t.d. vegna nytjaskógræktar og girðingamála
8. Að vinna að og framfylgja loftslagsstefnu sveitarfélagsins
9. Að vinna að og framfylgja framkvæmdaáætlun í náttúruverndar- og umhverfismálum
10. Að fjalla um og hafa umsjón með umhirðu opinna svæða og lóða í landi sveitarfélagsins
11. Að stuðla að góðri umgengni í sveitarfélaginu t.d. með árlegum hreinsunarátökum
12. Að veita aðhald varðandi snyrtilegan frágang mannvirkja og opinna svæða, góða umgengni um bæjarlandið og alhliða fegrun sveitarfélagsins

13. Að veita umhverfisviðurkenningar
14. Að fara með úrgangs- og endurvinnslumál sveitarfélagsins
15. Að standa fyrir fræðslu og kynningu um lausnir í úrgangs- og endurvinnslumálum
16. Að fara með málefni urðunarstaðarins við Bjarnhóla
17. Að fylgjast með og fjalla um breytingar á náttúrufari sveitarfélagsins og afréttarsvæða
18. Að fjalla um málefni friðlýstra svæða
19. Að stuðla að gróðurvernd og landgræðslu í samræmi við ákvæði laga
20. Að móta framtíðarsýn og stefnu ásamt aðgerðaáætlun vegna ágengra tegunda
21. Að hafa umsjón með vinnuskóla í samstarfi við fræðslunefnd
22. Að huga að náttúruminum, fornminjum og vernd gamalla húsa í sveitarfélaginu
23. Að fjalla um refa- og minkaeyðingu í sveitarfélaginu
24. Að gera tillögur að verkefnum í tengslum við fjárhagsáætlunargerð til sveitarstjórnar
25. Að gera tillögur til sveitarstjórnar um gjaldtöku vegna gjaldskyldrar starfsemi sem heyrir undir verksvið nefndarinnar
26. Að stuðla að merkingu og kynningu á náttúruminum svo og þeim stöðum öðrum sem hafa sérstakt útivistargildi og/eða sögulegt gildi.
27. Að hafa umsjón með merkingu örnefna í sveitarfélaginu.
28. Að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur henni

IV. Starfshættir umhverfis- og landbúnaðarnefndar

Um starfshætti nefnda/ráða er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Nefndin heldur fund einu sinni í mánuði. Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin ákveður fundartíma á fyrsta fundi að höfðu samráði við fundarritara.

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs annast undirbúning nefndarfunda í samráði við formann nefndarinnar. Formaður nefndarinnar, eða varaformaður í forföllum hans, boðar eða lætur boða fundi í nefndinni með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Skal dagskrá fylgja fundarboði. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er nefndinni berast skulu skráð í málaskrá sveitarfélagsins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Að fundi loknum skal á sama hátt, skrá afgreiðslu mála í málaskrá. Skjalastjóri ber ábyrgð á að skráning og eftirfylgni málgagna sé í samræmi við reglur Borgarbyggðar hverju sinni.

Ritari umhverfis- og landbúnaðarnefndar skal færa í gerðabók númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók dagskrá fundar, upphafstíma fundar, fundarslit og greina blaðsíðutal fundargerðar. Viðstaddir fundarmenn skulu rita nöfn sín í gerðabók í fundarlok.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a) fundartíma og fundarstað,
- b) nöfn aðalmanna og varamanna sem sitja fundinn,
- c) nöfn starfsmanna sem sitja fundinn,
- d) heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,

- e) greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f) bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við,
- g) að fundarmaður hafi vikið af fundi eða komið til fundar eftir að hann hófst, ef svo ber undir.

Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Jafnframt skulu formaður og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerðar sem tölusettar skulu í samfelldri töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Undirritaðar fundargerðir skulu varðveittar hjá skjalastjóra. Skrifstofa ráðhúss sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Borgarbyggðar. Viðkomandi starfsmenn tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í umhverfis- og landbúnaðarnefnd, um málalok.

Erindi varðandi einstaklinga þar sem lögbundinn er trúnaður skal færa til bókar í sérstaka fundargerðarbók, trúnaðarmálabók, og eru afgreiðslur nefndarinnar á þeim erindum endanlegar og ekki sendar sveitarstjórn til staðfestingar. Trúnaðarbókina skal sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs varðveita á tryggum stað.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar skv. samþykktum um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Ályktun nefndarinnar, sem hefur í för með sér útgjöld umfram samþykktir bæjarstjórnar, skal ætíð send sveitarstjóra í sérstöku erindi. Sveitarstjóri leggur ályktunina fyrir byggðarráð til umfjöllunar.

Formaður og aðrir fulltrúar umhverfis- og landbúnaðarnefndar skulu snúa sér til sveitarstjóra, sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs og verkefnastjóra eftir því sem við á til að fylgja eftir staðfestum samþykktum nefndarinnar.

Nefndin skal árlega gera tillögur að fjárhagsáætlun um verkefni sín og senda til sveitarstjórnar. Fulltrúar í nefndinni skulu fá þóknun fyrir störf sín í nefndinni samkvæmt reglum Borgarbyggðar um þóknun til nefnda..

V. Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda eftir atvikum ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar..

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann eða starfsmann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til sviðsstjóra umhverfis- og skipulagssviðs a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fulltrúar skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín og skulu taka mið af þeim lögum, reglugerðum og reglum sem gilda um þau mál sem koma fyrir nefndina svo og samþykktum um stjórn og fundarsköp Borgarbyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni í nefndinni.

Fulltrúar í nefndinni eru bundnir þagnarskyldu. Óheimilt er að greina frá ummælum einstakra fundarmanna á fundum. Sama gildir um atriði sem aðilar fá vitneskju um og leynt skulu fara eðli máls samkvæmt. Þagnarskylda helst þó að látið sé af störfum. Ákvæði þetta á einnig við um aðra fundarmenn.

Um hæfi nefndarmanna í umhverfis- og landbúnaðarnefnd gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Borgarbyggðar.

Um hæfi starfsmanna umhverfis- og landbúnaðarnefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

VI. Gildistaka

Erindisbréf þetta var samþykkt á fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar Borgarbyggðar xx 2019. Staðfest á fundi sveitarstjórnar xx 2019.